

HUGLEIÐINGAR UM KNATTSPYRNUAÐSTÖÐU

Við FH-ingar höfum nú um 12 ára skeið rekið knattshús (knattspyrnuskjól) hér í Kaplakrika sem kallað hefur verið Risinn. Risinn er stálgrindarhús með steypum veggjum að hluta, stálgrindin er klædd með PVC dúkefni (endingartími 40 ár ++++), framleitt af Ferrari. Dúkefnið hleypir í gegnum sig birtu. Gæða gervigras er í húsinu. Undirritaður vill í stuttu máli og almennt lýsa upplifun okkar af rekstri Risans í þessi ár ásamt því að skoða og bera saman þessa gerð húsa við gervigrasvelli utanhúss og einangraðra, full hitaðra knattspyrnuhalla.

- 1. Stofnkostnaður (nálgun).** Stofnkostnaður knattspyrnuskjól er 130% dýrara en útivallar (flóðljós og snjóbræðsla) og stofnkostnaður einangraðs húss er 100% dýrara en knattspyrnuskjól. (Full vallarstærð: útivöllur 280 millj., knattsp.skjól 650 millj. og knattspyrnuhöll 1.300 millj.)
- 2. Rekstrarkostnaður (nálgun).** Rekstrarkostnaður útivallar er 35% dýrari en knattspyrnuskjól. Rekstur knattspyrnuhallar er 150% dýrari en knattspyrnuskjól. Hér er ekki tekið tillit til kostnaðar við mannhald og umsjón búningaáðstöðu (hluti af öðrum mannvirkjum). (Full vallarstærð pr.ár: útivöllur 19 millj., knattsp.skjól 14 millj. og knattspyrnuhöll 35 millj.)
- 3. Birtuskilyrði og lýsing.** Eins og áður sagði hleypir dúkefni Risans í gegnum sig dagsbirtunni og þ.a.l. er notkun raflýsingar óþarfi þegar dagsbirtunnar nýtur við, einnig gerir þetta Risann mjög notendavænan yfir sumarmánuðina.
- 4. Nýting (nálgun).** Ef nýting er skoðuð yfir vetrarmánuðina má segja að nýting útivalla sé 70% (æfingum aflýst og æfingar sem ekkert vit er í vegna veðurfars) samanborið við knattspyrnuskjól. Nýtingin útivalla yfir vetrarmánuðina október til og með apríl er á bilinu 50-90%. Sama nýting er á knattspyrnuskjóli og knattspyrnuhöll. Sumarnotkun er á pari ef borin eru saman knattspyrnuskjól og útivellir en segja má að þó að það sé ekkert því til fyrirstöðu að nota knattspyrnuhallir að sumarlagi þá er reynslan hér á landi (Kórinn, Fífan og Egilshöll) sú að notkun knattspyrnuhalla er mjög lítil yfir sumarmánuðina.
- 5. Lærdómur og upplifun iðkenda.** Ljóst er að upplifun iðkenda í knattspyrnu er allt önnur og ánægjulegri við náttúruleg skilyrði en við raflýsingu. Mjög slæmt veðurfar orsakar neikvæða upplifun á útivöllum og um leið minni lærdóm, getustig stendur í stað.
- 6. Hitastig.** Hitastig í knattspyrnuskjóli er mjög nálægt hitastigi utandyra og þ.a.l. koma dagar sem hamla iðkun vegna kulda. Reynslan varðandi Risann er nokkuð skýr, þegar lofthiti fer í -5 eða neðar eru æfingar hjá 10 ára og yngri felldar niður, eldri iðkendur klæða kuldann af sér. Ef horft er 5-6 ár aftur má segja að fjöldi niðurfelldra æfinga hjá yngstu iðkendunum sé óverulegur, innan við 1 æfing að meðaltali pr. iðkenda á vetri. Kvartanir vegna kulda í knattspyrnuskjóli koma ekki frá iðkendum, þær koma frá illa búnum foreldrum sem þrjóska við að horfa á æfingar barna sinna. Hér má kannski bæta við svona meira í gamni en alvöru, kuldinn herðir. Einnig má geta þess að besta deildarkeppni í heimi, Premiership í Englandi er leikin yfir vetrartímamann og þar fara alvöru keppnisleikir fram í frosti.

Ofangreint er byggt á reynslu okkar FH-inga af rekstri Risans, tilboðum sem okkur hefur borist og áætlunum um rekstur og stofnkostnað hinna ýmsu gerða knattspyrnuáðstöðu. Hugleiðingar þessar ber að skoða út frá staðsetningu og veðurfari hér á suðvestuhorninu.

Að lokum vil ég fullyrða að Risinn, „tjalldið“, er lykilorð í frábærum árangri knattspyrnunnar í Fimleikafélaginu á 21. öldinni.